

Niðurstöður skólapingis Egilsstaðaskóla 25. nóvember 2014

Gildi og stefna Egilsstaðaskóla

Þeir sem þingið sátu voru sammála um að gildi skólans væru góð en að þau mættu þó gjarnan vera sýnilegri. Voru tekin dæmi um að hægt væri að hafa gildin sýnileg í salnum, að láta þau fylgja merki skólans (t.d. í bréfhausum/-kveðjum) og að hægt væri að halda viðburði sem tengjast gildunum. Gildi og stefna skólans haldist í hendur og, líkt og gildin, þarf stefna skólans að vera skýr og aðgengileg öllum.

Ímynd Egilsstaðaskóla

Skólinn kemur vel út í opinberum könnunum. Foreldrar/aðstandendur virðast heimsækja skólann oftár nú orðið, þá í tengslum við stærri og minni viðburði á vegum nemenda. Allir voru sammála um að hægt væri að bæta ímynd skólans enn frekar, til dæmis með því að hafa almannatengil í starfi, með því að fá fjölmiðla oftár á viðburði/inn í skólann eða fara með einstök verkefni út í bæ.

Samstarf við foreldra

Margt þykir gott í samstarfi við foreldra/aðstandendur og upplýsingaflæði til aðstandenda nemenda er gott. Fastir viðburðir/fundir eru taldir af hinu góða. Var í því samhengi sérstaklega talað um haustfundi árganga. Til að auka virkni foreldra í samstarfi við skólann, til dæmis til að auka mætingu á fundi, væri hægt að setja foreldrum ákveðin hlutverk. Voru tekin dæmi eins og að sjá um veitingar eða vera með innlegg og nýta þannig reynslu og þekkingu foreldra. Þá er einnig hægt að hvetja foreldra til að hittast utan skólans. Eins væri hægt að virkja heimasíðu skólans betur og nauðsynlegt að deila öllum fréttum yfir á Facebook-síðu skólans.

Þá var sérstaklega tekið fram að skólafærninámskeið fyrir foreldra væru **mjög** gagnleg.

Samstarf við samfélagið

Samstarf skólans við samfélagið er gott. Fara þar hæst nokkrir fastir póstar, eins og starfskynningar og samstarf við íþróttafélagið og fleiri í vali á elsta stigi. Þá eru nokkur stök verkefni sem hefð er orðin fyrir, til dæmis að bjóða eldri borgurum í mat í heimilisfræði, góðverkin í námskeiðum á miðstigi og fleira. Það er þó ljóst að skólinn getur bætt sig enn frekar hvað þetta varðar og voru eldri borgarar, Sláturhúsið og atvinnulífið sérstaklega nefnd til sögunnar í þessu samhengi. Skólinn þarf þá að eiga frumkvæði og mögulega marka sér stefnu í samstarfinu.

Kennsluhættir

Mikið var rætt um það hvort kennsluhættir skólans þyrftu að birtast foreldrum/aðstandendum út á við. Voru um það misjafnar skoðanir. Fundarmönnum fannst þeir almennt ekki vita mikið um kennsluhætti en það sem þeir vissu var komið úr föstudagspósti frá kennurum, af kynningarfundum og úr sýningum og viðburðum bekkja. Voru allir sammála um að skólinn þyrfti að marka sér skýra stefnu hvað varðar kennsluhætti og kynna hana foreldrum.